

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Skólanefnd Framhaldsskóla – 136. fundur 21. júní 2013, kl 12:00.

Mætt: Kári Bjarnason formaður, Jórunn Einarsdóttir varaform., Margrét Lilja Magnúsdóttir, Trausti Hjaltason, Gunnar Friðfinnsson og Ólafur H. Sigurjónsson skólam.

Formaður setti fund og fundargerð síðasta fundar var kynnt og samþykkt.

Dagskrá:

1. Yfirlit og hvað er framundan
2. Ráðningar í laus störf – kynning.
3. Önnur mál.

Yfirlit frá síðasta fundi:

Á skólaslitum 18. maí voru útskrifaðir 23 stúdentar og einn úr þeirra hópi lauk einnig B-stigi vélstjórnar. Tveir nemendur voru útskrifaðir af starfsbraut (fatlaða) eftir 4. ára nám.

Verklegar framkvæmdir í húsinu í summar: Háaloftið er loks tilbúið eftir eins árs bið. Nú er verið að setja niðurhengd loft og ný ljós á gangana og í skólastofur á aðra og þriðju hæð eldri álmu hússins. Innritun fyrir haustönn er að mestu lokið, en venjan er að nokkrir banka upp hjá okkur þegar haustar. Heimtur 10. bekkjarnema er mjög góð.

Ráðningar í laus störf:

Umsækjendur um starf aðstoðarskólameistara voru þessir:

Gunnar Friðfinnsson kennari í FÍV. Dipl.Ed í stjórnunarfræði menntastofna (60 ECTS) HÍ.

Helga Kristín Kolbeins áfangastjóri FÍV, Meistarapróf í opinberi stjórnsýslu HÍ.

Iris Anna Steinarrsdóttir íþróttakennari á Selfossi, er í M.A námi í uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á stjórnunarfræði menntastofna, í HÍ.

Svanhvít Friðbjófsdóttir grunnskólakennari, Meistaránám í íslensku (120 ECTS) + viðbótarnám í kennslufræði og skólastarfi (40 ECTS). HÍ.

Bórunna Halldórsdóttir ráðgjafi AMS (Atvinna með stuðning), grunnskólakennarapróf, MPM í verkefnastjórnun HÍ. *Nefndarmenn voru sammála um að ráða Helgu Kristínu.*

Umsækjendur um störf kennara: Leiðbeinendur sem óska eftir endurráðningu voru, Gísli S. Eiríksson vélfræðingur leiðbeinandi á vélstjórnarbraut, Guðný Bjarnadóttir hjúkrunarfræðingur leiðbeinandi í hjúkrunagreinum, Radinka Hadzic doktor í lífefnafræði leiðbeinandi í líffræði og efnafræði. Guðjón Jónsson rafvirkjameistari leiðbeinandi í rafmagnsfræði bóklegri og verklegri. Aðrir sem sóttu um kennslu: Jóhanna Jóhannsdóttir íþróttakennari sækir um líffræðikennslu og Pórey Friðbjarnardóttir grunnskólakennari sækir í sögu- eða náttúrufræði. *Nefndarmenn voru sammála um að ráða starfandi leiðbeinendur, enda hafa hinir umsækjendurnir ekki menntun né réttindi til að kenna það sem auglýst var.*

Önnur mál: Kári formaður bar upp tillögu um að nefndarmenn myndu afsala sér laun fyrir nefndarstörfin, þar til annað verði ákveðið. Þetta var samþykkt einróma.

Einnig ræddu fundarmenn launasetningu í framhaldsskólum, stofnanasamninga og frjálsan (ókeypis) hugbúnað sem skólinn er búinn að taka upp.

Fleira var ekki gert.

Ólafur H. Sigurjónsson

*Samþykkt 16.10.2013
Ólafur H. Sigurjónsson*